



Ársskýrsla 2015



Efnisyfirlit

Árið í hnotskurn	3
Kjarasamningarnir 2015	5
Fundir hjá ríkissáttasemjara 2015	6
Rekstur embættis ríkissáttasemjara	7
Vinumarkaðurinn	9
Samsetning vinnumarkaðar	10
Lagasetning og dómsmál	12
Salek	13
Nefnd um mótun vinnumarkaðsstefnu	14



Árið í hnotskurn



Bryndís Hlöðvarsdóttir,
ríkissáttasemjari

Árið 2015 var erilsamt á vinnumarkaði og hjá embætti ríkissáttasemjara enda fjöldi kjarasamninga laus á árinu, eða 165 talsins. Fyrstu samningarnir sem gerðir voru á árinu í húsakynnum ríkissáttasemjara voru samningar Læknafélags Íslands og Skurðlæknafélags Íslands annars vegar og Samninganefndar ríkisins fyrir hönd Fjármála- og efnahagsráðherra hins vegar, en þeir voru undirritaðir 7. og 8. janúar. Nokkrir samningar voru síðan undirritaðir á tímabilinu janúar til maí hjá sáttasemjara en það var ekki fyrr en þann 29. maí sem segja má að tónninn hafi verið sleginn varðandi þorra almenna markaðarins með samningum VR, Flóabandalagsins, Starfsgreinasambands Íslands og Landsambands íslenskra verslunarmanna annars vegar við Samtök atvinnulífsins (SA) og Félag atvinnurekenda (FA) hins vegar. Þessir samningar náðu til um

70 þúsund félagsmanna á almennum markaði og með samningum iðnaðarmanna sem undirritaðir voru þann 22. júní bættust um 18 þúsund félagsmenn á almennum markaði við þá sem samið höfðu og var á þeim tímapunkti samið fyrir um 90% almenna markaðarins og samningstíminn til ársloka 2018. Með samningum SA við félög á almennum markaði frá 29. maí og 22. júní var litið svo á af hálfu launagreiðenda að mótuð hafi verið launastefna sem SA og ríkið lögðu síðan til grundvallar í viðræðum við viðsemjendur sína í kjölfarið. Samningarnir frá 29. maí og 22. júní byggðu á þeirri forsendu að þeir væru stefnumarkandi fyrir aðra hópa á vinnumarkaði og í þeim er ákvæði um endurskoðun í febrúar 2016 og 2017, gangi þær forsendur ekki eftir. Einnig byggðu samningarnir á þeirri forsendu að kaupmáttur launa myndi

aukast, sem skyldi metið í febrúar ár hvert út samningstímann og að fullar efndir yrðu á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gerð var í tengslum við samningana. Yfirlýsingin kvað á um viðamiklar aðgerðir ríkisstjórnarinnar í 11 liðum til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á almennum markaði. Fólu þær m.a. í sér breytingar á tekjuskatti sem ætlað var m.a. að leiða til hækkunar á ráðstöfunartekjum launafólks, átak um bygginu félagslegra íbúða ásamt áformum um að auka samstarf við aðila vinnumarkaðar með stofnun þjóðhagsráðs.

Á meðan stór hluti almenna markaðarins hafði undirritað samninga um mitt ár var staðan allt önnur hjá ríki og sveitarfélögum framan af ári. Samningaviðræður ríkisins við BHM félög báru ekki árangur en eftir árangurslausar samningaviðræð-



ur boðuðu 17 aðildarfélög BHM til verkfallsaðgerða á fimm ríkisstofnunum, sem hófust þann 7. apríl. Aðgerðirnar voru viðamiklar og má sjá yfirlit yfir þær hér.¹⁾ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) boðaði einnig til verkfallsaðgerða sem hófust þann 27. maí og tóku aðgerðirnar til um 2100 hjúkrunarfræðinga, þar af 1400 á Landspítala. Að mati þessara hópa var ljóst að sú launastefna sem mótuð var í maísamningunum á almenna markaðinum var ekki til þess fallin að leysa vandann. Áhrif verkfallsaðgerðanna voru mikil, ekki síst á Landspítalanum þar sem meginþungi aðgerðanna var og lýsti landlæknir m.a. yfir þungum áhyggjum af stöðunni.

Eftir tíu vikna verkfallsaðgerðir BHM félaga og tveggja vikna verkfall FÍH fór svo að ríkisvaldið greip inn í deiluna með

lagasetningu þann 13. júní og fól sérstökum gerðardómi að ákvarða kjör hópanna, sbr. lög nr. 31/2015.²⁾

Á meðan gerðardómurinn starfaði biðu önnur félög á opinberum markaði átekta. Þann 14. ágúst 2015 birti gerðardómur niðurstöðu sína.³⁾ Gerðardómurinn fól í sér umtalsvert meiri hækkunir en samið hafði verið um á almennum markaði og þau félög sem áttu lausa samninga kröfðust sambærilegra hækkana en höfnuðu að byggja á þeirri stefnu sem mótuð hafði verið á almennum markaði fyrir á árinu. Í kjölfar gerðardómsins tóku SA og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) upp viðræður um það hvernig brugðist yrði við gerðardómnum og gerðu að lokum með sér kjarasamning þann 21. janúar 2016. Þar er m.a. höfð hliðsjón af þeim hækkunum sem hópar á opinberum markaði höfðu

fengið auk þess sem lífeyrisframlag launagreiðanda var hækkað í samræmi við áform um jöfnun lífeyrisréttinda á opinberum og almennum markaði.⁴⁾ Í kjölfar niðurstöðu gerðardóms í máli BHM og Fíh var gengið frá fjölda samninga með sambærilegum launahækkunum og þar var kveðið á um.

Árið 2015 var átakaár á íslenskum vinnu- markaði, eins og reyndar árin tvö þar á undan. Unnið hefur verið markvisst á árinu að því á vettvangi helstu heildarsamtaka á vinnumarkaði (Salek) að undirbúa mótun og innleiðingu nýs samningalíkans hér á landi, að norrænni fyrirmynd. Ríkissáttasemjari á ekki að aðild að Salek hópnum en hefur verið falið að stýra fundum og skipuleggja starf hans.

Þorvaldur Elvén

1) <https://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/nr/19222>

2) <http://www.althingi.is/altxt/144/s/1435.html>


3) <http://www.landslog.is/wp-content/uploads/2015/08/%C3%9Arskur%C3%B0ur-ger%C3%B0ard%C3%B3ms1.pdf>

4) <http://www.asi.is/media/275030/Kjarasamningur-AS%C3%8D-og-SA-211-2016.pdf>




Kjarasamningarnir 2015

Mynd 1. Gildistími kjarasamninga



Mynd 2. Vinnustöðvanir sem hlutfall af sáttamálum



Alls voru gerðir 229 kjarasamningar hjá embættinu á árinu 2015. Þó ber að hafa í huga að inni í þeirri tölu eru niðurstöður gerðardóms í deilum 17 félaga BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðuneytisins. Flestir þeir samningar sem gerðir voru á árinu renna út 31. mars 2019, en þá munu 145 kjarasamningar losna. 47 samningar losna við árslok 2018, 19 samningar í lok ágúst 2017 en að auki eru einstaka samningar sem losna á öðrum tímum.


Fjöldi boðaðra aðgerða

Af 60 sáttamálum sem voru til meðferðar hjá ríkissáttasemjara voru boðaðar vinnustöðvanir í 43, eða í tæpum 72%. Alls boðuðu 72 stéttarfélög til aðgerða og kom 21 til framkvæmda, eða 29% þeirra. Hér má geta þess að aðeins var talinn fjöldi þeirra stéttarfélaga sem boðaði vinnustöðvun en ekki til hversu margra vinnustaða aðgerðir náðu eða hversu lengi eða oft þær voru framkvæmdar. Alls voru því í raun fleiri vinnustöðvanir sem komu til framkvæmda.



Fundir hjá ríkissáttasemjara 2015

Mynd 3. Fjöldi funda hjá ríkissáttasemjara 2015



Fundir í húsnæði ríkissáttasemjara voru fjölmargir á árinu 2015. Alls var 60 deilum vísað til ríkissáttasemjara á árinu á grundvelli 2. mgr. 24. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur og efndi embættið til 373 funda vegna þeirra. Til samanburðar má nefna að árið 2014 var 55 kjaradeilum vísað til embættisins. Auk funda sem embættið boðar til í vísuðum málum halda samningsaðilar gjarnan samninga- og vinnufundi í húsakynnum embættisins, með eða án þátttöku sáttasemjara. Alls voru haldnir 486 slíkir fundir og skráðir fundir í heild, bæði vegna vísaðra og annarra mála voru því 859.



Rekstur embættis ríkissáttasemjara


Á launaskrá var Magnús Pétursson ríkissáttasemjari en hann lét af störfum hjá embættinu þann 1. júní og Bryndís Hlöðversdóttir tók við embætti ríkissáttasemjara. Auk ríkissáttasemjara eru í starfi hjá embættinu þau Elísabet S. Ólafsdóttir skrifstofustjóri í fullu starfi og Magnús Jónsson, fyrrverandi veðurstofustjóri, í 30% starfi til 1. október sem aðstoðarsáttasemjari. Þann 1. október var Anna S. Guðmundsdóttir ráðin til að sinna móttöku, uppvaski og kaffistofu um leið og hætt var að nota einnota kaffibolla. Auk þessa var greitt í tímavinnu fyrir aðstoð við húsvörslu, ræstingu og aðra umsjón.

Embætti ríkissáttasemjara hefur yfir mjög stóru húsnæði að ráða sem hefur verið talið nauðsynlegt í ljósi þeirra miklu fundahalda sem verið hafa hjá embættinu. Alls er um að ræða 1000 fermetra og fundarsalir eru 12. Nýting húsnæðisins er misjöfn, allt eftir því á hvaða stigi kjaraviðræður eru. Embættið hefur því brugðið á það ráð að leigja út húsnæði, bæði fyrir einstaka fundi sem og til lengri tíma. Embættið leigir Fjölmiðlanefnd tvær skrifstofur og aðgang að fundaherbergjum eftir föngum. Á árinu 2015 var einnig gerður leigusamningur við Vísindasiðanefnd. Alls voru 117 fermetrar í fastri útleigu árið 2015.



**Mynd 4. Rekstrarkostnaður
ríkissáttasemjara 2015**

Heimild: Ársreikningur ríkissáttasemjara



Heildarútgjöld embættisins á árinu 2015 námu 91.464.637. Þar af nam launakostnaður 49%, húsnæðiskostnaður 38% og rekstrarvörur, aðkeypt þjónusta og önnur gjöld námu 13% af heildarrekstrarkostnaði ársins.

Tekjur embættisins koma að 97% í formi ríkisframlags en að auki hafði embættið tekjur af útleigu skrifstofurýma. Heildarrekstrarafgangur ársins var 11.470.363 krónur.

Tafla 1. Tekjur og gjöld ríkissáttasemjara 2015.

Heimild: Ársreikningur ríkissáttasemjara

Tekjur		Gjöld	
Framlag ríkissjóðs	100.000.000	Launakostnaður	45.277.321
Sértekjur	2.935.000	Húsnæði	35.214.525
		Rekstrarvörur	5.126.987
		Aðkeypt þjónusta	2.530.523
		Annað	3.315.281
Samtals	102.935.000	Samtals	91.464.637
		Rekstrarafgangur/halli	11.470.363




Vinnumarkaðurinn



Samsetning vinnumarkaðar


Mynd 5. Vinnumarkaður í heild

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 6. Almennur markaður

Heimild: Hagstofa Íslands




Á mynd 5 er vinnumarkaði skipt í einstök heildarsamtök launafólks annars vegar og þá sem utan þeirra standa hins vegar, en þessi skipting er lögð til grundvallar við útreikning á launavísitölu hagstofunnar. ASÍ nemur tæplega helmingi vinnumarkaðar, KÍ og BHM 7% hvort og BSRB 10%. Um 70% launafólks er í aðildarfélögum þessara heildarsamtaka. Meðal hópa sem ekki er að finna þarna má nefna lækna, hjúkrunarfræðinga, verkfræðinga og starfsfólk fjármálafyrirtækja, en einnig er í þessum hópi launamenn sem ekki eru í stéttarfélögum. Í ljósi þess að launamyndun sjómanna og bænda er með allt öðrum hætti en annarra eru þeir ekki með í gagnagrunni hagstofu. Mynd 6 sýnir með sama hætti skiptinguna á hinum almenna vinnumarkaði. Hlutur ASÍ er nærfellt 60% og sem vænta má er hlutur opinberu félaganna lítill á almennum markaði.



Mynd 7. Ríki


Heimild: Hagstofa Íslands



ASÍ
Aðrir
BHM
BSRB
KÍ

Mynd 8. Sveitarfélög

Heimild: Hagstofa Íslands



ASÍ
Aðrir
BHM
BSRB
KÍ

„Aðrir“ vega tiltölulega þungt eða um 37% og ekki er ólíklegt að í þeim hópi sé töluvert af launafólki utan stéttarfélag.

Á mynd 7 er launafólk hjá ríkinu greint eftir bandalögum með sama hætti. Hluttur BSRB og BHM er mjög viðlíka, eða um 30%. Hluttur annarra er einnig stór eða næstum fjórðungur og ætla má að heilbrigðisstarfsfólk vegi þungt í þeim hópi. Loks tekur mynd 8 til sveitarfélaga. Þá kemur í ljós að félagsmenn KÍ er langfjölmennasti hópurinn, eða hátt í helmingur starfsmanna sveitarfélaga. Vægi BSRB er nær fjórðungur, mun meiri en BHM og þá má vekja athygli á hversu mikill hluttur ASÍ er hjá sveitarfélögum, eða um 17%.



Lagasetning og dómssmál


Í seinni tíð hefur það aukist að lög séu sett til að stöðva vinnudeilur. Frá árinu 1985 og til ársins 2010, eða á 25 ára tímabili, voru slík lög sett 12 sinnum. Þar af tengdust þrjár vinnudeilur flugstarfsemi, fimm farmönnum og fiskimönnum, tvenn lög voru sett vegna opinberra starfsmanna, ein vegna mjólkurfræðinga og loks ein til að banna vinnustöðvanir almennt.⁵⁾ Frá árinu 2010 til ársins 2015, á fimm ára tímabili, hefur fjórum sinnum komið til þess að sett hafa verið lög á kjaradeilur, og einu sinni til viðbótar samið frumvarp í þeim tilgangi. Samið var í þeirri deilu áður en lögin tóku gildi. Flestar þessara deilna tengdust samgöngum en á árinu 2015 voru sett ein lög á tvær kjaradeilur nokkurra hópa opinberra starfsmanna sem höfðu síðan málaferli í för með sér.

5) Friðrik Friðriksson, Gylfi Dalman Aðalsteinsson; Lög á verkföll á Íslandi 1985-2010. Um forsendur lagasetningar. Stjórnsmál og stjórnslá, 6 (2) 2010, 151-183.

6) <http://www.urskurdir.is/Felagsmala/Felagsdomur/>

Með lögum nr. 31/2015 um kjaramál félagsmanna tiltekinna stéttarféлага innan BHM og FÍH voru yfirstandandi verkfallsaðgerðir hlutaðeigandi stéttarféлага stöðvaðar og gerðardómi falið að ákvarða kjör félagsmanna þeirra. Í kjölfar lagasetningarinnar höfðaði BHM mál gegn íslenska ríkinu, mál nr. 467/2015 og var dómur Hæstaréttar kveðinn upp þann 13. ágúst 2015. Í málinu krafðist BHM þess að viðurkennt yrði að sautján stéttarfélagum innan raða þess væri, þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. laga nr. 31/2015 um kjaramál félagsmanna tiltekinna stéttarféлага innan BHM og FÍH, heimilt að efna til verkfalls. Jafnframt að kjör félagsmanna þessara féлага yrðu ekki afráðin með ákvörðun gerðardóms samkvæmt sömu lögum. Var íslenska ríkið sýknað af kröfu BHM.

Mynd 9. Mála fjöldi fyrir Félagsdómi



Árið 2015 var annasamt hjá Félagsdómi en alls voru kveðnir upp 20 dómur og úrskurðir á árinu. Mál fyrir dómnum hafa ekki náð þessum fjölda síðustu 15 árin eins og sést á meðfylgjandi mynd.⁶⁾



Salek

Heildarsamtök á vinnumarkaði hafa um nokkurt skeið haft með sér formlegt samstarf um bætt vinnubrögð við kjarasamningagerðina undir heitinu Salek. Þar hefur meðal annars verið stefnt að því að taka upp nýtt samningalíkan að norrænni fyrirmynd. Sú vinna tók á sig nokkuð skýra mynd á árinu en aðkoma ríkissáttasemjara að verkefninu er með þeim hætti að embættinu var falið að skipuleggja starf hópsins og stýra fundum hans. Á haustdögum 2015 setti hópurinn saman áætlun um verkefnið og hvernig það skyldi unnið. Í framhaldinu varð ljóst að nauðsynlegt væri að ráða verkefnisstjóra til að halda utan um verkefnið og í desember var Emma Björg Eyjólfsdóttir ráðin sem verkefnisstjóri í hálfu starfi. Hópurinn fékk svo til ráðgjafar Steinar Holden, vinnumarkaðshagfræðing við Oslóarháskóla, sem hefur meðal annars

stýrt þremur endurskoðunarnefndum um norska samningalíkanið. Verkefni Steinars var að gera tillögur að samningalíkani sem gæti hentað fyrir Ísland. Salek hópurinn fundaði í húsakynnum ríkissáttasemjara með reglulegu millibili á seinni hluta ársins 2015 undir stjórn ríkissáttasemjara.



Nefnd um mótun vinnumarkaðsstefnu

Í september 2014 skipaði Félags- og húsnæðismálaráðherra nefnd um mótun til lögu að vinnumarkaðsstefnu og skipulagi vinnumarkaðsmála. Megintilgangurinn með þeirri stefnumótun er að stuðla að velferð þeirra sem eru þátttakendur á vinnumarkaði sem og að tryggja virka atvinnuþátttöku sem flestra í því skyni að auka samkeppnishæfni Íslands. Hlutverk nefndarinnar var einnig að kanna þörf fyrir sértækar vinnumarkaðsaðgerðir til að skapa störf í samræmi við menntun. Einnig voru skoðaðir möguleikar á aðgerðum til að laða sérhæft vinnuafli til starfa á innlendum vinnumarkaði.

Í nefndinni sátu fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda, stjórnmalaflokka og ýmissa félagasamtaka. Nefndin skilaði skýrslu sinni í júní 2015 þar sem tilgreind eru ýmis verkefni sem ráðast skuli í. Þar má nefna samstarf aðila vinnumarkaðarins um samningalíkan að norrænni fyrirmynd og endurskoðun hlutverks ríkissáttasemjara.⁷⁾

7) <https://www.velferdarraduneyti.is/rit-og-skyrslur-vel/nr/35198>

Gefið út af embætti ríkissáttasemjara
í Reykjavík 2015.